

**Nr. 030 / 12 Berglín GK 300****Skipverji klemmist á hendi**

Skipaskr.nr. 1905  
Smíðaður: Garðabæ 1988 stál  
Stærð: 254,3 brl. 477 bt.  
Mesta lengd: 39,77 m Skráð lengd: 36,04 m  
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m  
Vél: Caterpillar 738 kW 1998  
Fjöldi skipverja: 11



Berglín ©Þorgeir Baldursson

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 4. nóvember 2010 var Berglín GK 400 að togveiðum í Djúpkrók á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 8-10 m/s og lítil alda.

Skipverjar voru að taka trollið og toghlerar komnir í gálga þegar einn skipverja ætlaði að húkka dauðaleggnum úr stjórnborðshlera. Þegar skipverjinn var að teygja sig eftir dauðaleggnum hreyfðist toghlerinn til með þeim afleiðingum að vinstri hendi skipverjans varð á milli hans og lunningar. Skipverjinn fékk slæman skurð á hendina og var ákveðið að sigla með hann til Bolungarvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði varð að teygja sig niður á milli hlerans og lunningar til að ná dauðaleggnum en hlerinn var 1.300 kg að þyngd;
- að skipverjinn er vanur sjómaður og hafði verið á skipinu í um fjögur ár;
- að hann sagði að þetta hafi verið verklagið við þessa vinnu og aldrei áður orðið slys við þetta svo hann vissi. Hann sagði að verklagi hafi verið breytt eftir slysið þannig að höndin er ekki sett milli hlerans og lunningar;
- að skipverjinn var með öryggishjálmi og með líflínu.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var varasamt vinnulag sem viðgengist hafði lengi.